

Sólmyrkvalagið


Laglína: Út um mó



Tungl og sól, tungl og sól
Fylgjumst með þeim uppi' á hól.
Þegar tunglið fyrir sólina fer,
sólmyrkvi þá verður hér!

Mundu þá, til að sjá,
sólmyrkva-gleraugu að setja á.
Þegar tunglið fyrir sólina fer,
verður þú að gæta að þér!

Þá verður fljótt um daginn nótt.
Í myrkrinu er allt svo hljótt.
Þegar tunglið fyrir sólina fer,
vil ég vera hér með þér!



Texti: Birte og Baldur, ágúst 2026